

Lög UIF

1. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR UÍF

Tillaga 2014

1. gr.

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF), er samband íþróttá- og ungmennafélaga í Fjallabyggð. UÍF er aðili að Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Heimili og varnarþing UÍF er í Fjallabyggð.

2. gr.

Hlutverk UÍF er að:

- a) Hafa frumkvæði, efla, samræma og skipuleggja íþróttastarf í Fjallabyggð í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.
- b) Vera í forystu um íþróttamál héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ á þeim vettvangi.
- c) Annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn Fjallabyggðar og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- d) Varðveita og skipta milli aðildarfélaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- e) Staðfesta lög og allar lagabreytingar aðildarfélaga auk þess að halda utan um staðfest lög aðildarfélaga.
- f) Fylgjast með að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og lögum ÍSÍ og UMFÍ.
- g) Veita umsögn um íþróttamál og íþróttamannvirki í héraði.
- h) Fylgja eftir starfsemi og skýrsluskilum aðildarfélaga.
- i) Stuðla að fræðslu og forvörnum innan vébanda aðildarfélaga.
- j) Vera fulltrúi aðildarfélaganna á vettvangi ÍSÍ, UMFÍ og sérsambanda.
- k) Tilkynna ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda, sbr. 4. gr.

2. KAFLI

RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGA UÍF

3. gr.

Þau félög með lögheimili í Fjallabyggð, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni og hafa verið samþykkt af ÍSÍ og UMFÍ, eiga rétt á að gerast aðilar að UÍF, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru í lögum ÍSÍ, UMFÍ og UÍF.

4. gr.

Óski félag eftir aðild að UÍF, sendir það stjórn UÍF umsókn ásamt lögum félagsins, upplýsingum um stofndag, ár, stjórn og félagatal. Við inngöngu nýs félags öðlast það keppnisréttindi. Skal stjórn UÍF tilkynna ÍSÍ og UMFÍ og viðkomandi sérsambandi um aðildina. Inngönguna skal staðfesta á næsta þingi UÍF og verður félagið þar með fullgildur aðili að UÍF. Á því þingi hefur

félagið seturétt.

4. gr. a

Hafi aðildarfélag á stefnuskrá sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, sbr. lög viðkomandi aðildarfélags. Stofnun deilda skal tilkynna UÍF sem tilkynnir viðkomandi sérsambandi.

5. gr.

Aðildarfélögum UÍF er skylt að senda starfsskýrslu skv. úthlutunarreglum UÍF á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga, til stjórnar UÍF fyrir 1. apríl ár hvert í því formi sem UÍF ákveður. Jafnframt er aðildarfélögum skylt að senda ÍSÍ skýrslur í því formi sem sambandið ákveður.

6. gr.

Reikningsár UÍF er almanaksárið. Aðildarfélög sem ekki hafa skilað starfsskýrslu, missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UÍF. Hafi skýrslur ekki verið sendar fyrir þing UÍF næsta ár á eftir og aðalfundur ekki haldinn skal stjórn UÍF taka ákvörðun um réttindi aðildarfélagsins og skyldur þess í samræmi við 7. gr..

7. gr.

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn UÍF, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Í því skyni skal UÍF hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga og ef ástæða þykir til getur stjórn UÍF tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags. Aðildarfélag getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggiltis endurskoðanda.

7.gr.a

Aðildarfélag getur misst öll réttindi sín innan UÍF ef það brýtur lög UÍF, lög ÍSÍ eða lög UMFÍ. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um viðurlög. Ákveði ársþing UÍF að víkja aðildarfélagi úr því er UÍF skylt að tilkynna það ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi.

8. gr.

Gangi aðildarfélag úr UÍF skal tilkynning um slíkt hafa borist stjórn skriflega a.m.k. mánuði fyrir ársþing UÍF og tekur úrsögnin gildi á því ársþingi.

9. gr.

Hafi félag misst aðild að UÍF getur það óskað eftir aðild á grundvelli 4. gr.

9. gr. a

Í lögum allra aðildarfélaga UÍF skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna aðildarfélags.